



Til bæjarráðs

Kópavogi, 6. maí 2025
2505395/999.00 ABS

Efni: Viðhorfskönnun meðal foreldra barna í íþróttum í Kópavogi

Í aðgerðaráætlun menntastefnu er kveðið á um að framkvæmd verði viðhorfskönnun meðal foreldra barna og unglunga sem stunda íþróttir í Kópavogi. Tilgangurinn er að skapa sveitarfélaginu betri yfirsýn yfir upplifun og reynslu foreldra af gæðum í barna- og unglingastarfi íþróttafélaga bæjarins.

Fyrirhugað er að senda könnunina út upp úr miðjum maí eða áður en sumarleyfi hefjast. Undirbúningur að framkvæmd könnunar hefur verið unnin af verkefnateymi þriggja starfsmanna en Gallup mun sjá um fyrirlögn og úrvinnslu könnunar. Gert er ráð fyrir að könnunin verði lögð fyrir foreldra annað hvert ár framvegis.

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir framkvæmdastjórum íþróttafélaga og á óformlegum fundi íþróttá- og lýðheilsunefndar. Niðurstöður könnunar verða kynntar fyrir íþróttafélögum, íþróttá- og lýðheilsunefnd, bæjarráði og öðrum aðilum eftir aðstæðum.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

